# Gjörðabók dómnefndar um jarðspjöll
# v. vatnsveitu 1909-1910

Aðfnr. 1555

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

Gjörðabók dómnefndar

um jarðspjöll v. vatnsveitu

1909
:
1910

.077.5 - .712.6:628.14

~~.076.7 - .824.11:628.1~~

Aðfnr. 1555

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR
1555

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, miðvikudaginn 27. oktober voru mættir á fundi til að meta skemmdir á landi jarðarinnar Holmi ásamt engjastykki því úr Elliðavatnslandi, er tilheyrir ábúandanum á Hólmi þeir skrifstofustjóri Eggert Briem, Björn Guðmundsson kaupmaður og Þórarinn Arnórsson bondi á Þormóðsstöðum.

Matsmennirnir ræddu um skaðabætur til ábúandans á Hólmi Eggerts Guðmundssonar fram og til baka.

Þórarinn Arnórsson tók fram að Eggert hefði fengið 60 hestum minna af heyi í ár en undanfarin ár.

Meirihluti dómnefndarinnar gat ekki séð að Eggert Guðmundssyni geti borið meiri skaðabætur ~~ta~~ alls yfir en 260 kr. og væri þar í reiknað bæði heytap það, er hann hefur orðið fyrir í ár og átroðninger svo og varanlegri skemmdir á landi hans, og ákvað honum því 260 kr. skaðabætur.

Þórarinn Arnórsson óskaði tekið fram og bókað að hann væri matinn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ósamþykkar.
Frekari eldi fyrir tekið og fundi slitið.

Eggert Briem. Kr. Guðmundsson
Þórarinn Arnórsson

Ár 1909 föstudaginn hinn 29. oktober hjelt nefnd sú, er útnefnd hefur verið til að meta skemmdir á landi Elliðavatns fund með sjer. Áður hefur nefndin tvisvar riðið á landið og skoðað land-spjöllin.
Á fundinum var mættur auk mats-manna borgarstjórinn Páll Einarsson og Páll Stefánsson á Elliðavatni
Lagt var fram ~~fram~~ skaðabótakrafa frá Páli Stefánssyni dags. 21. septbr. þ. á.
Borgarstjórinn óskaði að fá frest til ~~næsta~~ laugardags 6. novbr. næstkom.
Var þetta veitt með samþykki Páls Stefánssonar.
Eggert Briem. Einar Arnórsson. Kr. Guðmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, laugardaginn hinn 6. nóvbr. átti matsnefndin til að meta skaða á Elliðavatnslandi: þeir Eggert Briem, Björn Guðmundsson og Einar Arnórsson fund með sjer.

Formaður nefndarinnar gat þess að sjer hefði borist krafa um skaðabætur fyrir heytap frá Vilhjálmi Bjarnasyni á Rauðará. Afhenti hann formanni matsnefndarinnar sjálfur brjefið, en honum hefur láðst að undirskrifa það brjef þetta ásamt kröfu Páls á Elliðavatni til skaðabóta höfðu verið afhent borgarstjóra til umsagnar.

Borgarstjóri Páll Einarsson er mættur á fundinum skilar aptur nefndinni skjölum og leggur fram andsvör til eiganda Elliðavatns dags. í dag.

Páll Stefánsson á Vatni bað um frest til að athuga brjef borgarstjóra.

Næsti fundur var ákveðinn föstudag 12. þ.m. og var Páli ~~Helga~~ Stefánssyni afhent brjef borgarstjóra svo og kröfubrjef sitt. Lofaði hann að gefa Vilhjálmi Bjarnasyni tækifæri til að sjá brjef borgarstjórans og svara því.

Fundi svo slitið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eggert Briem Einar Arnórsson. Bj. Guðmundsson

Ár 1909, föstudaginn hinn 12. novbr. átti matsnefndin fund með sjer, þeir skrifstofustjóri Eggert Briem, lagaskólakennari Einar Arnórsson og kaupmaður Björn Guðmundsson. Einnig var mættur á fundinum Páll bóndi Stefánsson á Elliðavatni. Skilar hann aptur skjölum þeim, er honum voru ~~veitt~~ lánuð ~~að~~ síðasta fundi og leggur fram svar uppá athugasemdir borgarstjóra dags. 10. þ. m. og tók hann fram að þetta væri einnig svar frá Vilhjálmi á Rauðará, er falið hefði sjer að svara bréfi borgarstjórans einnig fyrir sína hönd.

Skjöl málsins nr. 1-4 voru afhent lagaskólakennara Einari Arnórssyni til athugunar

Fundi var þá næst fundi slitið

Eggert Briem Einar Arnórsson. Bj. Guðmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, þriðjudaginn hinn 4. janúar hjelt ~~[illegible]~~ hjelt gjörðardómurinn í málinu milli Elliðavatnseigenda og bæjarstjórnar Reykjavíkur fund með sjer, þeir skrifstofustjóri Eggert Briem, lagaskólakennari Einar Arnórsson og Kaupmaður Björn Guðmundsson

Til álita og dóms nú liggur að meta tap það, er Elliðavatnseigendur hafa liðið nokkliðið á, þar á móti ákvað gjörðardómurinn að, bíða gera til næsta sumars að meta varanleg spjöll á landi jarðarinnar.

Að athuguðum ágreiningi milli málsaðila feldi gjörðardómurinn svolátandi dóm um kröfur Elliðavatnseiganda.

1. Páll Stefánsson hefur ~~skýrt frá~~ haldið því fram að hann hafi fengið 180 hestum minna af heyi af engjum sínum en í meðalári og auk þess telur hann að hann mundi í þessu ári hafa fengið 140 hestum meira en í meðal-ári af engjunum.

Dómnefndin sá sjer ekki fært að dæma Páli bætur fyrir meira en 180 hesta grasmissis og álítur að hann verði skaðlaus

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

af að fá 3 kr. borgun fyrir hvern hest og ákvað hann um því 540 kr. bætur á þessum sið.

2. Fyrir málnytubrest stafandi af hrossa-beit og öðrum ágangi stafandi af vatnsveitulagningunni hefur Páll Stefáns-son krafist að fá 300 kr. skaðabætur. Bæjarstjórn hefur hins vegar samþykkt að greiða 25 kr. þóknun í þessu skini en mótmælt þessari kröfu. Gjörðardómsmenn ákváðu að Páli beri 50 kr. þóknun fyrir þetta

3. Þá hefur Páll Stefánsson gjört kröfu til 16 kr. fyrir það, er hann hafi tapað og verka-menn við vatnsveituna hafi sennilega notað til sinna þarfa. Þessa kröfu ber að taka til greina.

Samkvæmt ofansögðu ber bæjarstjórninni að greiða Páli Stefánssyni Kr. 606.00

Þá hefur Vilhjálmur Bjarnason bóndi á Rauðará sem eigandi að 4/10 af Elliðavatns-engjum skýrt frá, að hann hafi fengið 50 hestum minna af sínum engjum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en í ~~venjulega að~~ meðal ári og krafist 200 kr. skaðabætur fyrir þetta.

Þetta heytap álítur gjörðardómurinn að bæjarstjórninni beri að borga, en telur hins vegar 3 kr. borgun fyrir hvern hest hæfilega, og ber því bæjarstjórninni að greiða Vilhjálmi Bjarnarsyni 150 kr. í skaðabætur fyrir heytap ~~þett~~ síðastl. sumar.

Borgun til gjörðardómenda ákveðst 40 kr. til hvors eða alls 120 kr.

Eggert Briem. Einar Arnórsson
Kn. Guðmundsson

Ár 1910, föstudaginn hinn 13. dag maí mán. hjelt gjörðardómurinn

í málinu: eigandi Vatnsenda

gegn

bæjarstjórn Reykjavíkur

út af heytapi og skaða í landi Vatnsenda stafandi af vatnsleiðslu ~~til bæjarins~~ Reykjavíkur. fund með sjer

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mættir voru oddamaður dómsins skrifstofustjóri Eggert Briem, og dómendur Björn kaupmaður Guðmundsson og yfirrjettarmálaflutningsmaður Magnús Sigurðsson útnefndur af Sveini Eiríkssyni eiganda Vatnsenda.

Oddamaður gjörðardómsins lætur þess getið að gjörðardómendur hafi skoðað síðastl. sumar riðið á landið og kynnt sjer staðhætti; en við þær aðgjörðir mætti sýslumaður Karl Einarsson sem tilnefndur ~~dóm~~ í dóminn af hálfu eiganda Vatnsenda, en þar eð hann getur nú sökum fjarlægðar ekki mætt í gjörðardóminum hefur eigandi Vatnsenda tilnefnt í dóminn í hans stað málafl.mann Magnús Sigurðsson

Eigandi Vatnsenda er mættur og leggur fram skattbóta-kröfu fyrir heytap síðastl. sumar dags. 21. septbr. f. á.

Borgarstjóri Reykjavíkur er ekki mættur á fundinum þótt honum hafi verið gjört aðvart í tæka tíð en hann hefur afhent oddamanni svar uppá ~~kröfu~~ nefnt brjef eiganda Vatnsenda dags. 6. nóvbr. f. á., er var framlagt á fundinum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eigandi Vatnsenda Sveinn Jónsson óskaði að fá lánað hið framlagða bréf borgarstjórans og fá frest til að svara því: var það veitt og næsti fundur ákveðinn 7. júní næstkomandi.

Sveini Jónssyni voru afhent hin framlögðu skjöl nr. 1–2.

Fundi var svo slitið.

Eggert Briem. Magnús Sigurðsson.
Bj. Guðmundsson
Sveinn Jónsson

Ár 1910, laugardaginn hinn 25 júní hjelt matsnefndin

í málinu. Eigandi Elliðavatns
gegn
bæjarstjórn Reykjavíkur

útaf heyskapi og skaða á landi Vatnsenda stafandi af vatnsleiðslu Reykjavíkur fund með sjer.

Mættir voru hinir útnefndu matsmenn skrifstofustjóri Eggert Briem, kaupmaður Björn Guðmundsson og yfirrjettarmálafl. maður Magnús

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sigurðsson.
Eigandi Vatnsenda Sveinn Jónsson er mættur skilar aptur bréfunum skjölum nr. 1–2. og leggur fram tilsvar í málinu dags. í dag með 2 fylgiskjölum.
Skjöl þessi eru auðkend nr. 3–5.
Borgarstjóri Páll Einarsson biður um viku frest til andsvara og skjölin ljeð og var það veitt með samþykki Sveins Jónssonar.
Fleira ekki fyrirtekið; fundi slitið.

Eggert Briem. Magnús Sigurðsson. –
Bj. Guðmundsson
Sveinn Jónsson

Ár 1910, laugardaginn hinn 2. júlí hjelt matsnefndin í málinu:
Eigandi Vatnsenda
gegn
bæjarstjórn Reykjavíkur útaf heytapi og skaða á Vatnsenda engjunum stafandi frá vatnsveitu Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mættir voru matsmennirnir Eggert Briem skrifstofu-
stjóri Björn Guðmundsson kaupmaður og yfir-
rjettarmálafl.m. Magnús Sigurðsson
Mættir eru málsaðilar Sveinn Jónsson á Vatns-
enda og borgarstjóri Reykjavíkur Páll Einars-
son.

Borgarstjórinn skilar aptur skjölum málsins nr. 1-5, og leggur fram tilsvar í málinu dags. í dag. er ~~var~~ var merkt nr. 6.

Sveinn Jónsson óskaði sjer veittan viku frest til andsvara og skjölin. Gjörð.

Var það veitt með samþykki borgarstjóra. Sveini afhent skjöl málsins nr. 1-6.

Fleira ekki fyrir tekið og fundi slitið.

Eggert Briem. Magnús Sigurðsson.
Bj. Guðmundsson.
Sveinn Jónsson
Páll Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, laugardaginn hinn 9. júlí hjelt mats-
nefndin í málinu: Sveinn Jónsson á Vatns-
enda

gegn

bæjarstjórn Reykjavíkur
~~fund~~ með sjer.
Matsmenn eru allir mættir.
Sveinn Jónsson á Vatnsenda er mættur
skilar aptur skjölum málsins nr. 1-6
og leggur fram tilsvar í málinu með 2 fylgiskjöl-
~~Nr. 7~~ um; skjöl þessi voru merkt 7-9.
Borgarstjóri Páll Einarsson er mættur, hann mótmælir
hinum nú framlögðu skjölum, af hendi Sveins Jónssonar og
leggur málið undir dóm matsnefndarinnar.
Matsnefndin tók þá málið upp til
mats.

Fundi slitið.

Eggert Briem  B. Guðmundsson
Magnús Sigurðsson

Páll Einarsson
Sveinn Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, þriðjudaginn hinn 30 ágústmán. hjelt matsnefndin í málinu:

Eigendur Elliðavatns

gegn

fvad með. egr. bæjarstjórn Reykjavíkur

Þá tók matsnefndin þeir kaupmaður Björn Guðmundsson, lagaskólakennari Einar Arnórsson og skrifstofustjóri Eggert Briem að meta varanlegar skemmdir á Elliðavatnsengjum. Matsnefndin lætur þess getið að hún í vor hafi riðið upp á engjarnar og athugað skemmdirnar.

Að öllu athuguðu ákvað nefndin að Páli bónda Stefánssyni beri í skaðabætur fyrir varanlegar skemmdir á engjum hans 150 kr. og að Vilhjálmi Bjarnarsyni á Rauðará beri 35 kr. fyrir sams konar skemmdir á sínu landi.

Borgun til gjörðardómenda ákveðst 15 kr. til hvers eða alls kr. 45. oo.

Fundi svo slitið.

Eggert Briem. Einar Arnórsson. Bj. Guðmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910 hinn 28. septbr. hjelt matsnefndin í málinu:

Sveinn Jónsson á Vatnsenda
gegn
bæjarstjórn Reykjavíkur

fund með sjer. Allir matsmenn voru mættir.

Að athuguðum ágreiningi milli málsaðila ákvað matsnefndin að Sveini beri skaðabóta hjá henni svo sem hjer segir.

1. Sveinn Jónsson heldur því fram að hann hafi fengið 95 hestum minna hey af engjum sínum stafandi af allskonar átroðningi af vatnsveitulagningunni um land hans. Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur að vísu neitað þessu en þar sem Sveinn hefur stutt framburð sinn með framlögðum vottorðum virðist matsnefndinni rjett að leggja þetta heytap til grundvallar. Fyrir þetta og annan átroðning á úthaga ákveður nefndin með atkvæði oddamannsins að Sveini beri 250 Kr. bætur,
2. Fyrir hreinsun á landi sínu frá grjóti ber honum 30 Kr.
3. Þá ákvað nefndin að greiða honum sam-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hvorutt framlögðum reikningi 15 Kr. fyrir vinnutap og 11 Kr. fyrir ónæði svo o. fl. útaf hesti og vatnsveitunni ótilkvaddur, og hefur þessari kröfu nefndar upphæð ekki verið mótmælt af bæjarins hálfu.

4. Varanlegar skemmdir á Vatnsendaengjum ákvað nefndin með atkvæði oddamanns 80 Kr.

5. Kostnaður við mat þetta og bæjarstjórnin ber að greiða ákveðst til matsmanns Vatnsenda 55 Kr. og til hinna matsmannanna 15 Kr. til hvors.

Fundi slitið.

Eggert Briem. Magnús Sigurðsson.

M. Gudmundsson

Ár 1910, fimmtudaginn hinn 6. október hjelt matsnefndin

í málinu: Eggert Gudmundsson í Holmi

gegn

bæjarstjórn Reykjavíkur

fund með sjer, ~~Allir matsmenn~~ þeir skrifstofustjóri Eggert Briem, Björn Gudmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kaupmaður og Þórarinn Arnórsson bóndi
á Gunnarsstöðum, um matið: var þá talið fyrir
að meta skaða þann, er Eggerts Guðmundsson
á Hólmi hefur beðið við lagning vatns-
veitunnar um land hans.

Þórarinn Arnórsson lýsti yfir að Eggert
hefði fengið 60 hestum minna af engjum sín-
um en ~~áður~~ undanförnu ár. Matsnefndin álítur
að þetta heytap Eggerts yrði að álítast sanni-
legt og ákvað að leggja þetta heytap til
grundvallar. Með atkvæði oddamanns var
ákveðið að honum beri 3 Kr. fyrir hestinn
og er það 180 kr. Fyrir varanlegar skemmdir
ákvað nefndin að honum beri 150 kr. og
tekur nefndin fram að þessar varanlegu skemmdir
sjeu aðallega á landi því ~~af~~ úr Elliðavatns-
landi er Eggert Guðmundsson hefur umráð
yfir en varanlegar skemmdir á sjálfu Hólms
landi svo óverulegar að þær geti naumast
talist.

Samkvæmt framansögðu ber þá Eggert
Guðmundssyni alls yfir 330 kr. skaðabætur
hjá bænum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kostnaðinum við mat þetta ber bæjarstjórninni að greiða og ákveður sá kostnaður til matsmanns Hólms 40 kr. og til hinna matsmannanna 10 kr. til hvers.

Fundi slitið

Eggert Briem. Bj. Guðmundsson

Þórarinn Arnórsson

Ár 1911, hinn 30. júnímánaðar átti gjörðardómurinn í málinu:

Kristinn Sigurðsson og Jens Eyjólfsson
gegn
Bæjarstjórn Reykjavíkur

fund með sjer.

Var þá kveðinn upp svolátandi gjörðardómur:

~~Múrarameistari~~ Múrarameistari Kristinn Sigurðsson og trjesmiður Jens Eyjólfsson, er tekið hafa að sjer byggingu gasstöðvarinnar með samningi dags. 23. ág. 1909 hafa gjört kröfu á hendur bæjarstjórn Reykjavíkur til skaðabóta að upphæð samtals 2000 kr. Byggja þeir kröfu sína á því, að ýmislegt efni til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

húsanna, er bæjarstjórnin átti að leggja til,
svo sem þaksperrur og gluggarammar hafi komið
í ótíma eða eptir þann tíma, er verkið átti að
vera af hendi leyst, um jól 1909, og á sama tíma
hafi komið ýmisleg áhöld, er í húsin áttu að
fara, en voru svo fyrirferðarmikil að ekki mátti
koma þeim inn um dyr og hafi ~~því~~ þeim ~~þess~~vegna
verið bannað að ~~ekki mátt~~ ljúka við að steypa veggi til að
koma þeim (þ: áhöldunum) inn. Af þessum ástæðum hafi
þeir orðið að hætta vinnu að haustinu án
þess að hægt væri að gjöra húsin fokheld, og
ekki hafi verið hægt að byrja á verkinu
fyr en með vorinu. Hafi verkið af þessum
ástæðum orðið þeim að minnsta kosti
2000 kr. dýrara en ella. Þessa kröfu sína
hafa þeir svo sundurliðað.
Bæjarstjórnin hefur mótmælt umræddri
skaðabótakröfu. Að vísu viðurkennir bæjar-
stjórnin, að efni það er hún átti að leggja
til, hafi komið ~~seint~~ of seint eða ekki fyr en
í desember, en hún neitar því að hún sje af
þeim ástæðum skaðabótaskyld. Efni þetta
hafi hún pantað í tæka tíð eða rjett eptir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að samningunum við verktakendur var gjörður, og beri bæjarstjórnin enga ábyrgð á drættinum. Í annan stað heldur bæjarstjórnin því fram, að verktakendur hafi því gjört rjetti sínum til skaðabóta með því að krefja þeirra hafi ekki verið gjört í tæka tíð.

Þar sem verk það, er hjer ræðir um, átti að vera fullgjört innan c. 31. maí. en vetur fór í hönd, er gjörði allt steinsmíði erfiðara eða ómögulegt, verður gjörðardómurinn að líta svo á, að verktakendur hafi með rjettu mátt treysta því að efni það, er bæjarstjórn átti að leggja til, yrði til taks í tæka tíð, og að ekki stæði á áhöldum þeim, er í húsin áttu að fara, sem voru svo stór að þau kæmust ekki inn um dyr. Verður bæjarstjórnin að bera ábyrgð á því tjóni, er álítast verður að verktakendur hafi beðið við það að geta ekki haldið áfram verki sínu hindrunarlaust. Að vísu liggur ekki fyrir í málinu sönnun

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir því að verktakendur hafi skriflega á-
skilið sér skaðabætur fyrir þennan drátt
fyr en verkinu var lokið sumarið 1910, en
þeir hafa haldið því fram að þeir hafi
þegar í stað kært þennan drátt fyrir
byggingarstjórninni og einum af gjörðardóms-
endunum, Magnúsi Blöndahl, er þá var
í gasnefnd bæjarstjórnarinnar, vottar að
verktakendur hafi kært þetta fyrir sér og
~~ast~~ áskilið sér skaðabætur fyrir drættinum og
hafi þetta þegar í janúar 1910 komið til
umtals á gasnefndarfundi. Þetta virðist
eptir atvikum nægileg aðvörun til vinnu-
veitenda.

Þá hefur bæjarstjórnin haldið því fram
að vöntun efnisins og áhaldanna hafi
ekki tafið verk verktakenda, þeir
hefðu hvort sem var, orðið að hætta verkinu
vegna frosta og illviðra, en fyrir þessari
staðhæfingu er engin sönnun framkomin
af hendi bæjarstjórnarinnar.

Þegar því kemur til álita hvað miklar
skaðabætur verktakendum beri verður að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

athuga hvern kröfulið verktakenda fyrir sig.
Um 1. lið. Verktakendur krefjast ~~þann~~ skaðabóta að upphæð Kr. 190.11 vegna þess að það sökum verktafarinnar hafi farið á mis við umsamdan afslátt á vörum frá hlf. Völundi. Þessa kröfu sjá ~~verktakendur~~ gjörðardómendur ekki að verktakendur hafi heimtingu á.
Um 2 lið. Verktakendur telja sig 75 Kr. kostnað við að taka ofan steypumót af efrihúsgöflunum, en við steypu þeirra varð að hætta vegna þess að þaksperrurnar komu ekki í tæka tíð. Á þessa kröfu fellst gjörðardómurinn.
Um 3. lið. Þá telja verktakendur að þeir hafi beðið 337 Kr. 80 a. skaða við skemmdir á múrverki fyrir það, að húsin urðu að standa opin yfir veturinn. Gjörðardómurinn álítur þessa kröfu í fullkasta lagi og álítur 275 Kr. skaðabætur hæfilegar.
Um kröfuliðina 4-6 er það að segja að þeir eru þess eðlis að verkveitanda ber alls enga ábyrgð á þeim skaða, er þar ræðir um og varð kröfur þær, er í þeim liðum felast ekki teknar til greina.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um 7. lið. Verktakendur krefjast ~~skaðabóta~~ endurgreiðslu á andvirði 7 skp. af Kokes, & þeir hafa þurft að brúka vegna þess að efni kom ekki á rjettum tíma. Þar sem ekki verður álitið að verktakendur hefði lokið viðverk sitt í nóvbr. 1909 þótt ekkert hefði staðið á efni, þá verður að álíta að þeir hefðu alls ekki komist hjá að brúka eldivið, og er krafa þessi því ekki á rökum bygð.

Um 8. lið. Verktakar telja að þeir hafi þurft að sæta hærra kaupgjaldi vorið 1910 en haustið áður og telja til 907 Kr. 5 a. skaðabóta í þessu skyni.

Gjörðardómurinn verður að vísu að fallast á það, að kaupgjald hafi verið hærra að menn vorið 1910 en haustið áður, en með tilliti til þess, að ekki verður álitið að kaupgjald nokkurs manns með hagan-legum vinnu samningum hefði þurft að vera meira en 1 Kr. hærra um daginn miðað við 10 tíma vinnudag um vorið en að haustinu og með tilliti til þess, að ef verkið hefði verið unnið að haustinu og framan af

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vetri, þá hefði þurft mikið umsvif til þess að upphita húsin til að geta haldið áfram vinnunni vegna frosta, og loks með tilliti til þess að vorvinna er dýrari en haust vinna, ekki síst er um útivinnu er að ræða, þá virðist hæfilegt að færa þessa kröfu niður ~~um~~ í 500 kr.

Loks hafa verktakendur krafist e 320 kr. skaðabóta fyrir beint og óbeint tjón, er þeir hafi beðið við vanefndir byggingarstjórnarinnar, en þar sem verktakendur hafa ekki gjört grein fyrir þessu tapi þeirra hefur þessi krafa ekki orðið tekin til greina.

Samkvæmt framanrituðu ber bæjarstjórn Reykjavíkur að greiða þeim Kristni Sigurðssyni og Jens Eyjólfssyni 75 kr. + 275 kr. + 500 kr. eða alls 850 kr. ásamt 5% vöxtum frá 20. ág. 1910 til greiðsludags.

Kostnaður við ~~mat~~ gjörðardóminn ákveðst 90 kr. og greiðist að helmingi af hvorum málsaðila. — Fundi slitið.

Eggert Briem. O. Forberg. Magnús Blöndahl

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

120 auðar blaðsíður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykja

# Eptirrit

Ár 1911 hinn 30. júnimánaðar átti gjörðardómurinn

i málinu : Kristinn Sigurðsson og Jens Eyjólfsson

gegn

Bæjarstjórn Reykjavikur

fund með sjer.-

Var þá kveðinn upp svolátandi gjörðardómur :

Múrari Kristinn Sigurðsson og trjesmiður Jens Eyjólfsson, er tekið hafa að sjer byggingu gasstöðvarinnar með samningi dags. 23. ágúst 1909 hafa gjört kröfu á hendur bæjarstjórn Reykjavikur til skaðabóta að upphæð samtals 2000 kr.. Byggja þeir kröfu sina á því, að ýmislegt efni til húsanna, er bæjarstjórnin átti að leggja til, svo sem þaksperrur og gluggarammar hafi komið i ótima eða eptir þann tima, er verkið átti að vera af hendi leyst, um jól 1909, og á sama tima hafi komið ýmisleg áhöld, er i húsin átti að fara, en voru svo fyrirferðamikil að ekki mátti koma þeim inn um dyr og hafi þeim þess vegna verið bannað að ljúka við að steypa veggi til að koma þeim (þ.e. áhöldunum) inn. Af þessum ástæðum hafi þeir orðið að hætta vinnu að haustinu án þess að hægt væri að gjöra húsin þakheld, og ekki hafi verið hægt að byrja á verkinu fyr en með vorinu.- Hafi verkið af þessum ástæðum orðið þeim að minnsta kosti 2000 kr. dýrara en ella. Þessa kröfu sina hafa þeir svo sundurliðað.-

Bæjarstjórnin hefur mótmælt umræddri skaðabótakröfu. Að visu viðurkennir bæjarstjórnin, að efni það, er hún átti að leggja til, hafi komið of seint eða ekki fyr en i desember, en hún neitar því að hún sje af þeim ástæðum skaðabótaskyld. Efni þetta hafi hún pantað i tæka tið og rjett eptir að samningurinn við verktakendur var gjörður og beri bæjarstjórnin enga ábyrgð á drættinum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í annan stað heldur bæjarstjórnin því fram,að verktakendur hafi fyrirgjört rjetti sínum til skaðabóta með því að krafa þeirra hafi ekki verið gjörð í tæka tíð.-

Þar sem verk það,er hjer ræðir um,átti að vera fullgjört innan c.3ja mán.en vetur fór í hönd,er gjörði allt steinsmíði erfiðara eða ómögulegt,verður gjörðardómurinn að líta svo á,að verktakendur hafi með rjettu mátt treysta því að efni það,er bæjatjórnin átti að leggja til,yrði til taks í tæka tíð,og að ekki stæði á áhöldum þeim,er í húsin áttu að fara,sem voru svo stór að þau kæmust ekki inn um dyr.Verður bæjarstjórnin að bera ábyrgð á því tjóni,er álitast verður að verktakendur hafi beðið við það að geta ekki haldið áfram verki sínu hindrunarlaust.Að vísu liggur ekki fyrir í málinu sönnun fyrir því að verktakendur hafi skriflega áskilið sjer skaðabætur fyrir þennan drátt fyr en verkinu var lokið sumarið 1910,en þeir hafa haldið því fram að þeir hafi þegar í stað kært þennan drátt fyrir byggingarstjórninni og einn af gjörðardómendunum,Magnús Blöndahl,er þá var í gasnefnd bæjarstjórnarinnar,vottar að verktakendur hafi kært þetta fyrir sjer og áskilið sjer skaðabætur fyrir dráttinn og hafi þetta þegar í janúar 1910 komið til umtals á gasnefndarfundi.Þetta virðist eptir ástæðum nægileg aðvörun til vinnuveitenda.-

Þá hefur bæjarstjórnin haldið því fram að pöntun efnisins og áhaldanna hafi ekkert tafið verk verktakenda,þeir hefðu hvort sem var,orðið að hætta verkinu vegna frosta og illviðra,en fyrir þessari staðhæfingu er engin sönnun framkomin af hendi bæjarstjórnarinnar.-

Þegar þá kemur til álita hvað miklar skaðabætur verktakendum beri verður að athuga hvern kröfulið verktakenda fyrir sig.

Um 1.lið Verktakendur krefjast skaðabóta að upphæð kr.190.11 vegna þess að þeir sökum verktafarinnar hafi farið á mis við

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

umsamdan afslátt á vörum frá hlf.Völundi.Þessa kröfu sjá gjörðardómendur ekki að verktakendur hafi heimtingu á.

Um.2.lið. Verktakendur telja sjer 75 kr. kostnað við að taka ofan steypumót af ofnhúsgöflunum,en við steypu þeirra varð að hætta vegna þess að þaksperrurnar komu ekki í tæka tíð.Á þessa kröfu fellst gjörðardómurinn.-

U. 3.lið .Þá telja verktakendur að þeir hafi beðið 337 kr. 80 a. skaða við skemmdir á múrverki fyrir það,að húsin verða að standa opin yfir veturinn.Gjörðardómurinn álítur þessa kröfu í frekasta lagi og álítur 275 kr. skaðabætur hæfilegar.-

Um kröfuliðina 4-6 er það að segja að þeir eru þess eðlis að verkveitandi ber alls enga ábyrgð á þeim skaða,er þar ræðir um og verða kröfur þær,er í þeim liðum felast ekki teknar til greina.-

Um 7.lið.Verktakendur krefjast endurgreiðslu á andvirði 7 skp. kokes er þeir hafa þurft að brúka vegna þess að efni kom ekki á rjettum tíma.Þar sem ekki verður álitið að verktakendur hefðu lokið við verk sitt í nóvbr.1909 þótt ekkert hefði staðið á efni,þá verður að álita að þeir hefðu alls ekki komizt hjá að brúka eldivið,og krafa þessi því ekki á rökum byggð.-

Um 8.lið .Verktakar telja að þeir hafi þurft að sæta hærra kaupgjaldi vorið 1910 en haustið áður og telja 9099 til 907 kr.5 a. skaðabóta í þessu skyni.-

Gjörðardómurinn verður að vísu að fallast á það,að kaupgjald hafi verið hærra að mun vorið 1910 en haustið áður,en með tilliti til þess,að ekki verður álitið að kaupgjald nokkurs manns með hagan-legum vinnusamningum hefði þurft að vera meira en 1 kr. hærra um daginn miðað við 10 tíma vinnudag um vorið en að haustinu og með tilliti til þess,að ef verkið hafði verið unnið að haustinu og framan af vetri,þá hefði þurft mikið eldsneyti til þess að upphita húsin til að geta haldið áfram vinnunni vegna frosts, og loks með tilliti til þess að vorvinna er drýgri en haustvinna, ekki sízt er um útivinnu er að ræða,þá virðist hæfilegt að færa þessa kröfu niður í 500 kr.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Loks hafa verktakendur krafizt c.320 kr. skaðabóta fyrir beint og óbeint tjón, er þeir hafi beðið við vanefndir byggingarstjórnarinnar, en þar sem verktakendur hafa ekki gjört grein fyrir þessu tapi þeirra hefur þessi krafa ekki orðið tekin til greina.-

Samkvæmt framansögðu ber bæjarstjórn Reykjavíkur að greiða þeim Kristni Sigurðssyni og Jens Eyjólfssyni 75 kr.+ 275 kr.+500 kr. eða alls 850 kr. ásamt 5% vöxtum frá 20 ágúst 1910 til greiðsludags.-

Kostnaður við gjörðardóminn ákveðst 90 kr. og greiðist að helmingi að hvorum málsaðila.-

Fundi slitið.-

Eggert Briem O.Forberg Magnús Blöndahl.-

-"- -"- -"-

Rjett eptirrit staðfestir

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur, 22. júlí 1911

Páll Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur